

Tillaga að nýrri gjaldskrá Selfossveitna

Gjaldskrá Selfossveitna hefur verið óbreytt í langan tíma og ber þess merki að vera frá þeim tíma þegar notkun á heitu vatni var innheimt eftir rúmmálsstærð húsa en ekki raunnotkun líkt og gert er í dag. Stofngjald hitaveitu í þéttbýli er í dag innheimt eftir rúmmálsstærð húss en í dreifbýli eftir stærð heimaugar sem er mun eðlilegra þar sem það endurspeglar kostnað við heimaugina. Þetta ósamræmi á milli dreifbýlis og þéttbýlis er óheppilegt auk þess sem stærð húss stýrir ekki alltaf stærð heimaugar þar sem mismundandi starfsemi krefst mis mikillar orku.

Einnig hefur vantað töluvert af skýringum hvað sé innifalið í heimauggjaldi og gjaldliðum sem taka á tildæmis kostnaði við að fjölga inntaksgrindum í húsum eða yfirlengd (<30m).

Flest önnur veitufyrirtæki eru innheimta með þessum hætti, þar á meðal vatnsveita Árborgar sem innheimtir eftir stærð heimaugar. Lagt er gjaldskrá hitaveitu verði uppfærð og færð í nútímabúning og að stofngjald endurspegli betur þann kostnað sem fylgir því að tengja hús við dreifikerfi Selfossveitna.

Lagt er til að hækka tengigjaldið en þó hóflega þannig að Selfossveitur séu í takt við önnur veitufyrirtæki en samanburður við þau má sjá hér að neðan.

Stærð	Selfossveitur	Veitur	Norðurorka
DN 20/PEX-25	335.000	343.802	479.181,00
DN 25/PEX-32	478.200	537.189	619.488,00
DN 32/PEX-40	706.100	880.132	814.123,00
DN 50	1.034.800	1.375.208	1.114.418,00
DN 65	1.545.500	2.148.760	1.587.375,00

Dæmi um breytingar á gjaldi fyrir hefðbundin íbúðarhús

	Stærð heimæðar	Gamla gjaldskrá(án/vsk)	Ný gjaldskrá(án/vsk)	Raunskostnaður án/vsk
Raðhús(82m ²)	DN20/PEX25	214.643 kr.	335.000 kr.	470.128
Parhús (125m ²)	DN20/PEX25	221.333 kr.	335.000 kr.	332.590
Einbýli(207m ²)	DN20/PEX25	275.441 kr.	335.000 kr.	372.772

Tillaga að nýrri gjaldskrá fyrir Selfossveitur er fylgiskjal með þessu minnisblaði og er lögð fram fyrir stjórn til samþykktar.

Sigurður Þór Haraldsson

Veitustjóri